

**Sp.**

## **780. Tillaga til þingsályktunar**

um skipun millipinganefndar til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða o. fl.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Emil Jónsson, Stefán Jón Stefánsson,  
Barði Guðmundsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna millipinganefnd til þess að gera tillögur um sérstakan skatt á stórgróða, sem fallið hefur í hlut einstaklinga og fyrirtækja á stríðsárunum, og gagngerða eignakönnun í því sambandi. Jafnframt skal nefndin endurskoða ákvæði tekjuskattslaganna um skattfrelsi vara-sjóðstillaga hlutafélaga, sem ekki reka framleiðslustarfsemi.

Nefndin skal skipuð þannig: Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn fyrir hvern flokk. Ríkisstjórnin skipar fimmta manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin getur ráðið sérfróða menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nefndin skili álit og tillögum fyrir 1. september 1946.

### **Greinargerð.**

Frumvarp til laga um sérstakan eignaraukaskatt hefur verið flutt á nokkrum undanförunum þingum, en eigi fengið afgreiðslu.

Er þó alkunnugt, að margir einstaklingar og fyrirtæki hafa fyrir rás viðburðanna auðgæzt stórkostlega á undanförunum stríðsárunum. Það mun og vafalaust, að mjög skortir á, að öll kurl komi til grafar á framtölum stórgróðamanna á tekjum og eignum, meðan skattarnir hvíla með fyllsta þunga á launafólki og öllum almenningi.

Nánar í framsögu.